

Fundur með fulltrúum nemenda í meistaranámi í hagfræði

14. febrúar 2003

Mættir: Arnar Sveinsson, Ottó B. Ottósson, Þórólfur Matthíasson, Gylfi Zoega.

Þjóðhagfræði

Gott framhald af fyrra námskeiði. Athyglisverðar greinar lesnar sem gera námskeiðið mun líflegra. Góð tenging við raunveruleikann. Haustiðskýrsla Hagfræðistofnunar síðasta árs var athyglisverð. Spurning hvort Tryggvi geti farið yfir haustiðskýrslu þessa árs í sínum hluta.

Rekstrarhagfræði

Stærðfræðilegan bakgrunn vantar hjá sumum. Bent á að stærðfræðin er útskýrð í viðauka Varian kennslubókarinnar. Spurning hvort kennsla eigi að vera á íslensku eða ensku. Heimadæmi frekar erfið. Ákveðið að fara þess á leit við RA að dæmi verði lögð fyrir í vikum 11-13 sem dæmakennari geti farið yfir. Þessi dæmi gætu undirbúið nemendur fyrir lokapróf.

Hagrannsóknir

Námskeið á réttu pláni. Gott ef farið væri í hagnýta beitingu tölfræðinnar, t.d. verkefni sem veittu þjálfun í hagrannsóknnum. Einnig gott ef kennari setti fyrir dæmi sem væru á sama level og væntanlegt lokapróf.

Valnámskeið

Fjárfestingar fyrirtækja

Mikil ánægja með námskeið.

Önnur mál

Áhugi á því að kennsla í peningamálahagfræði verði tekin upp að nýju.